

## Vinastund á föstudögum kl.9:30

Í vinastund koma allir saman á Ströndinni og syngja saman. Stundin byrjar á því að við syngjum upphafslag:

### Upphafslag vinastundar á föstudegi

Góðan dag komdu og syngdu með mér,  
við getum sungið saman og það er voða gaman.  
Nú er kátt á Ströndinni, allir klappa með.

Hafi einhverjir átt afmæli í vikunni þá er sungið af því tilefni:

### Afmælissöngur í vinastund á Ströndinni (fyrir öll afmælisbörn vikunnar)

Þetta er afmælikveðja, þetta er afmælikveðja

Þetta er afmælikveðja, frá okkur til þín (ykkar).

Eftir þetta eru sungin ýmis lög sem verið er að syngja í söngstundum á deildum og kaffilestin þulin:

### Kaffilestin

Kaffi, kaffi, kleinur, kleinur,  
matarkex, matarkex, eplasúpa, eplasúpa,  
buff og laukur, buff og laukur,  
fiskur, fiskur, fiskur, fiskur, fiskur, fiskur, fiskur, fiskur,  
súpa (sagt hægt og lágt með vísifingur upp í loft)

Þá er það kveðjusöngurinn:

### Þakka ykkur fyrir sönginn í dag.

Við förum nú að leika, bæði úti og inni.

Sjáumst hér á Ströndinni næsta föstudag.

Að lokum eru svo deildarnar sungnar út ein af annarri og fara þá börnin annað hvort út eða inn á deildar:

### **Að syngja út**

.....(Lind, Lækur, Lón) lagði af stað í leiðangur, lipur var ei þeirra fótgangur,

takturinn fannst þeim heldur tómlegur,

svo þeir fóru fram í forstofu að klæða sig (svo þeir fóru inn á deildina að leika sér)